

Árþing SSNV vekur athygli á brothætttri stöðu Norðurlands vestra. Þróun síðustu ára sýnir að landshlutinn er að dragast aftur úr öðrum landshlutum hvað varðar íbúafróun, tekjur og innviði, og að óbreyttu stefnir í áframhaldandi fólksfækkun og veikingu byggðar.

Þingið bendir á að íbúafjölgun hefur verið hægari en annars staðar og horfur eru á neikvæðri þróun til lengri tíma, með tilheyrandi áhrifum á atvinnulíf, þjónustu og samfélagslega innviði.

Jafnframt er ljóst að Norðurland vestra býr við lakari stöðu en aðrir landshlutar þegar kemur að tekjum og verðmætasköpun. Atvinnutekjur eru lægri en landsmeðaltal og vöxtur hægari, sem hefur bein áhrif á lífskjör, samkeppnishæfni og framtíðarsókn svæðisins.

Þingið lýsir einnig yfir þungum áhyggjum af stöðu innviða, sérstaklega í samgöngum, þar sem fjárveitingar á hvern kílómetra vegakerfis eru margfalt lægri en á öðrum svæðum, þrátt fyrir að hlutfall malarvega sé hæst á landinu.

Þá hefur þróun ríkisstarfa verið landshlutanum óhagstæð, með minni fjölgun en annars staðar og jafnvel fækkun á síðustu árum, sem dregur úr fjölbreytni starfa og stöðugleika byggðar.

Þrátt fyrir þessar áskoranir eru veruleg tækifæri til staðar. Landshlutinn hefur sterkar auðlindir, öflugan landbúnað, vaxandi ferðaþjónustu, aukna orku- og gagnainnviði og fjölmörg verkefni í uppbyggingu sem skapa grundvöll fyrir aukna verðmætasköpun og ný störf.

Árþing SSNV leggur áherslu á að nú sé nauðsynlegt að grípa til markvissra og róttækra aðgerða til að snúa þróuninni við. Þingið kallar eftir:

- Markvissri og aukinni fjárfestingu í samgöngum og orkuinnviðum sem tekur mið af raunverulegri þörf landshlutans.
- Jafnari dreifingu ríkisstarfa.
- Aðgerðum sem styðja við fjölbreyttara atvinnulíf, nýsköpun og aukna verðmætasköpun.
- Sérstökum hvötum til að laða að ungt fólk og fjárfesta, m.a. með skattalegum og fjárhagslegum úrræðum.
- Auknum stuðningi við húsnæðisuppbyggingu og aðgengi að fjármagni.

Þingið telur brýnt að stjórnvöld taki sérstaklega utan um þau svæði þar sem fólksfækkun er fyrirsjáanleg og beiti markvissum byggðaaðgerðum til að tryggja jafnvægi milli landshluta.

Árþing SSNV undirstrikar að Norðurland vestra býr yfir verulegum styrkleikum og tækifærum, en án skýrra og tafarlausra aðgerða er hætt á að þróunin verði áfram neikvæð. Grípa þarf strax inn í til tryggja sjálfbæra og öfluga framtíð landshlutans.